


mannorð



Samtök kvenna af erlendum
uppruna (W.O.M.E.N) hlutu
Mannréttindaverðlaun
Reykjavíkurborgar 2018



Hvatningarverðlaun
mannréttindaráðs
2018

Á mannréttindadaginn 16. maí 2018 voru Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar veitt við hátíðlega athöfn í Höfða. Hvatningarverðlaun mannréttinda- og lýðræðisráðs voru veitt í annað sinn en þau eru veitt starfsstöðum Reykjavíkurborgar.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa staðið fyrir vitundarvakningu um stöðu hópsins hér á landi og hafa sögur þeirra í tengslum við #metoo vakið fólk til umhugsunar um viðkvæma stöðu hópsins innan íslensks samfélags. Með því að veita konum af erlendum uppruna mikilvægan og öruggan vettvang hafa þær fengið verkfæri til að takast á við ofbeldi og mismunun sem þær hafa orðið fyrir. Einstaklingar innan hópsins hafa þannig fengið hjálp og hvatt til aðgerða sem stuðla að auknu jafnræði innan stjórnkerfisins og á vinnumarkaði þegar réttindi kvenna af erlendum uppruna eiga hlut að máli.

Kiktu á heimasíðu samtakanna
www.womeniniceland.is

*Ef þú vilt tilnefna einhvern til
mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar
eða hvatningarverðlauna 2019, sendu
tölvupóst á mannrettindi@reykjavik.is*

Hvatningarverðlaunin eru veitt fyrir þróunar og nýbreytnistarf einstaklinga, borgarstofnana og fyrirtækja á sviði mannréttindamála. Árið 2018 hlutu tveir aðilar hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar. Logi Sigurfinnsson forstöðumaður Sundhallarinnar og Laugardalslaugar hlaut verðlaunin vegna þess frumkvæðis sem hann hefur sýnt varðandi bætt aðgengi að sundlaugum. Einnig hlutu Árbæjarskóli, Ársel og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts verðlaun fyrir móttöku nýrra íbúa. Þessir aðilar vinna saman að móttöku fjölskyldna með annað móðurmál en íslensku og veita þeim upplýsingar um hvaða þjónusta er veitt í hverfinu bæði af hálfu borgar og annarra aðila.



Breytt samsetning fjölmeningarráðs og öldungaráðs

Fjölmeningarráð



Á fundi borgarstjórnar þann 6. nóvember 2018 voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir fjölmeningarráð. Helstu breytingar varða skipun ráðsins, í stað þess að kjósa í ráðið á fjölmeningarþingi eru fulltrúar eftirtalinna hagsmunafélaga skipaðir í ráðið: Einn fulltrúi og einn varafulltrúi frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N), fulltrúi Móðurmáls sem eru samtök um tvítyngi og fulltrúi af erlendum uppruna frá Sameyki (Sameinað félag Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR).

Auk þessara eru tveir kjörnir borgarfulltrúar, annar úr meirihluta og hinn úr minnihluta, en þeir eru valdir í ráðið af Borgarstjórn.

Nú hefur einnig orðið sú breyting á að ráðið fundar mánaðarlega í stað þess að funda ársfjórðungslega eins og áður var.

Aðalfulltrúar Fjölmeningarráðs 2018-2022 eru sem hér segir: Sabine Leskopf fyrir hönd meirihluta (formaður), Jórunn Pála Jónasdóttir fyrir hönd minnihluta (varaformaður), Nichole Leigh Mosty (W.O.M.E.N), Renata Emilsson Peskova (Móðurmál) og Tui Hirv (Sameyki).

Í ráðinu sitja líka áheyrnarfulltrúarnir Tamila Gamez Garcell, Herianty Novita Seiler en þau voru kosin í ráðið á Fjölmeningarþingi árið 2017.

Öldungaráð

Viltu koma einhverju á framfæri við fjölmeningarráð? sendu línu á fjolemningarrad@reykjavik.is

Breytingar á skipan og verksviði Öldungaráðs Reykjavíkurborgar voru samþykktar 1. október árið 2018. Í ráðinu sitja nú níu fulltrúar í stað fimm áður og ráðið fundar mánaðarlega en ekki ársfjórðungslega líkt og áður.



Þrjú fulltrúar eru kosnir af Borgarstjórn í stað tveggja líkt og var. Þá eru þrjú fulltrúar tilnefndir frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, í stað tveggja áður. Samtök aldraðra eru áfram með einn fulltrúa. Að auki bættust við nýjir hagsmunaaðilar um málefni aldraðra, einn fulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi og einn fulltrúi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðalfulltrúar Öldungaráðs árið 2018-2022 eru: Guðrún Ögmundsdóttir fyrir hönd meirihluta (formaður), Björn Gíslason fyrir hönd minnihluta (varaformaður), Rannveig Ernudóttir fyrir hönd meirihluta, Ellert B. Schram (Félag eldri borgara), Bryndís Hagan (Félag eldri borgara), Gísli Jafetsson (Félag eldri borgara), Álfhildur Hallgrímsdóttir (Samtök aldraðra), Eva Kristín Hreinsdóttir (verkefnastjóri heilsugæslu eldri borgara), Jóhann Helgason (Korpúlfar).

Varafulltrúar í Öldungaráði eru: Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson, Alexandra Briem, Þorbjörn Guðmundsson (Félag eldri borgara), Reynir Vilhjálmsson (Félag eldri borgara), Sveinbjörn Björnsson (Samtök aldraðra), Anna Ólafsdóttir (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins) og Baldur Magnússon (Korpúlfar).

Í ráðinu situr áheyrnarfulltrúinn Berglind Magnúsdóttir.

Viltu koma einhverju á framfæri við öldungaráð? sendu línu á oldungarad@reykjavik.is


Byggjum brýr - brjótum múra

Jafnréttisstofa stýrir verkefninu **Byggjum brýr - brjótum múra** en það er 30 mánaða verkefni með það að markmiði að bæta samvinnu í heimilisofbeldismálum og auka vitund almennings um heimilisofbeldi.

Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu en það er unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Lögregluna á Norðurlandi eystra, velferðarráðuneytið og sveitarfélögin Akureyri og Reykjavík. Fulltrúar þessara aðila mynda stýrihóp verkefnisins og situr fulltrúi mannréttindaskrifstofu í hópnum.

Samvinna í málum er varða heimilisofbeldi byggir á verklagi sem fyrst var innleitt á Suðurnesjum árið 2012 og kallast **Að halda glugganum opnum**.

Reykjavíkurborg innleiddi verkefni með yfirskriftina **Saman gegn ofbeldi** og er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvænnaathvarfsins og heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Verklagið gaf góða raun og í kjölfarið er verið að leitast við að innleiða það um land allt. Verklagið byggir á samvinnu, þjónustu við brotþola, skýr skilaboð um að heimilisofbeldi sé ekki liðið skýrar reglur um skráningu á heimilisofbeldi. Gefið verður gefið út efni um heimilisofbeldi á mörgum tungumálum samhliða vitundarvakningu á meðal almennings um heimilisofbeldi. Markmiðið er að fjalla opinskátt um ofbeldi og auka meðvitund fólks um tilvist þess. Nú hafa verið haldnar tvær ráðstefnur sem eru hluti af verkefninu. Sú fyrri var haldin í október í Reykjavík en sú seinni var haldin á Akureyri í desember.




Kynjuð fjármál fyrir allskyns fólk

Fólk er allskonar, og þarfir þess allskonar. Þess vegna þarf að taka mið af þörfum allskyns fólks áður en að ákvarðanir eru teknar.

Þetta er boðskapur nýs fræðslumyndbands á vegum Reykjavíkurborgar og Fjárlaga- og efnahagsráðuneytisins sem frumsýnt var á kvennafrídaginn 19. júní síðastliðinn. Myndbandið er hugsað sem aðgengilegt og auðskiljanlegt fræðsluefni um hugmyndafræði kynjaðra fjármála. Myndbandið hefur verið notað við fræðslu og kynningar á vegum Reykjavíkurborgar og utan hennar en það er aðgengilegt öllum bæði á ytri vef borgarinnar og á Youtube.

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg er liður í aðgerðaráætlun Mannréttinda- og lýðræðisráðs. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er tæki sem notað er til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna. Til þess að þjónusta og starfsemi sveitarfélagsins stuðli að jöfnum tækifærum borgarbúa er mikilvægt að ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna séu teknar með mismunandi hagsmuni og þarfir allra borgarbúa að leiðarljósi. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun stuðlar að auknu jafnrétti en líka hagkvæmni í rekstri – því það er ódýrara að skipuleggja fyrirfram heldur en að breyta eftir.

Frekari upplýsingar veitir Freyja Barkardóttir, verkefnastýra um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
freyja.barkardottir@reykjavik.is



Skjáskot úr myndbandi um kynjaða fjárlagagerð - „Bæði bananar og fiskar þurfa vatn til að lifa af en fiskar þurfa meira vatn“. Með því að smella á myndina má horfa á myndbandið.

Mannréttindavernd á tímamótum



Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948, fyrir 70 árum síðan. Ein öld er síðan heimsstyrjöldin fyrri gekk yfir og það var augnablik þegar margir töldu að hinn varanlegi friður væri kominn. Fáa óraði fyrir því að einungis tveimur áratugum síðar væri skollin á ný heimsstyrjöld.

Þróun mannréttinda sprettur upp frá skilningi á því að friður einstaklinga er grundvöllur friðs í heiminum. Alþjóðlegar skuldbindingar duga ekki til að tryggja frið og veita ríkjum vernd, það þarf líka að vernda manneskjur. Skortur getur og hefur oft leitt til stríðs. Með því að tryggja, og auka lífsgæði borgara samfélagsins má tryggja frið í samfélaginu.

Nýlega voru 100 ár síðan Ísland hlaut fullveldi. Með sviptingum í alþjóðlegum stjórnámálum má segja að skilningur á fullveldinu hafi þróast frá því að vera föst stærð yfir í að vera skilyrt stærð. Ríki eru ekki lengur álitin fullkomlega fullvalda nema þeim takist að vernda borgara sína og sýni í verki að mannréttindi þegna séu virt. Fullveldi ríkis er háð því að það sé í stakk búið til að tryggja öryggi borgaranna.

Mannréttindi snúa ekki bara um að vernda borgara heldur að veita þeim tækifæri. Eingöngu með jöfnum tækifærum og jöfnu aðgengi að samfélaginu höfum við lýðræði. Lýðurinn er samansafn allra þeirra samfélagshópa sem fyrirfinnast í samfélaginu og því snúast lýðræðisleg vinnubrögð um að fá allar raddir fram á sjónarsviðið, styrkja þá sem hafa enga rödd í hinu opinbera til að koma fram með sögu sína og reynslu svo þeir geti mótað samfélagið og framtíð þess.

Áður fyrr var það bara lítill hluti samfélagsins sem hafði kosningarétt og mótaði stefnu samfélagsins. Á meðal þeirra voru lengst af ekki konur og þegar konur fengu fyrst kosningarétt voru það alls ekki allar konur. Kosningarétturinn er grundvallarréttindi og hluti af pólitísku réttindunum sem kveðið er á um í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi. Þetta eru líka mannréttindi!

Það er ekki nóg að eiga réttindi ef þú ert ekki í aðstöðu til að nýta þér þau.

Þú þarft að vera studd og hvött til jafns við aðra til að geta tekið þátt í samfélaginu, nýtt lýðræðislegan rétt þinn, notið tjáningarfrelsis, félagafrelsis og nýtt borgaraleg réttindi þín. Jafnrétti þýðir að allir eigi sömu möguleika og réttindi. Möguleika til að eiga rödd í hinu opinbera samfélagi, til að sækja sér menntun og störf og til að taka pláss. Þetta er líka ein af grunnstoðum lýðræðis. Í ljósi þessa hafa tvö ráð á vegum Reykjavíkurborgar nú verið sameinuð. Mannréttindaráð og stjórnkerfis- og lýðræðisráð hafa nú runnið saman í mannréttinda- og lýðræðisráð. Því þessi mál eru nátengd, tvær hliðar á sömu mynt.

*Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður
mannréttinda- og lýðræðisráðs*



www.reykjavik.is/mannrettindi



Norrænt samstarf um öryggi

Verkefninu **Nordic Safe Cities** var hleypt af stokkunum árið 2016 að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordic Council of Ministers) og er það hluti af svokallaðri **DIS** áætlun um lýðræði, þátttöku og öryggi (**Democracy, Inclusion and Security**).

Markmið verkefnisins er að nýta samtakamátt, þekkingu og reynslu á Norðurlöndum til að skapa öruggari borgir, vinna gegn öfgahyggju og stuðla að umburðarlyndi, vináttu, þátttöku og öryggi.

Til að ná markmiðum verkefnisins er mikilvægt að virkja, valdefla og hvetja alla íbúa samfélagsins til þátttöku. Það er mikilvægt að ná til opinberra stofnana, grasrótarinnar og alls félagsstarfs en ekki hvað síst til fjölskyldna, foreldra og barna. Samvinna og þátttaka aðila er grundvallaratriði í uppbyggingu öruggrar borgar. Stuðningur og skuldbinding kjörinna fulltrúa við verkefnið eru lykilatriði í verkefninu.

Reykjavíkurborg gerðist aðili að verkefninu 16. maí 2017. Með þátttöku skuldbinda stjórnendur borgarinnar sig til þess að stuðla að öruggu samfélagi sem byggir á trausti, umburðarlyndi, vináttu og þátttöku.

Það hafa verið haldin nokkur málþing og gefin út leiðbeiningarit á borð við "The Nordic Safe Cities Guide". Samtökin hafa enn fremur unnið með ýmsum alþjóðlegum stofnunum. Þátttakendur hafa verið ánægðir með þá áherslu sem hefur verið lögð á gagnsemi málþinganna fyrir hverja og eina borg. Það er lögð áhersla á að fulltrúar þátttökuborganna nýti sér fjölbreytta sérþekkingu hvers annars til að vinna að verkefnum og takast á við áskoranir sem eru til staðar í heimaborgum þeirra.

Á síðasta málþingi sem haldið var í Kristiansand í lok ágúst 2018 var áhersla lögð á ungmenni og ofbeldi. Næsta málþing verður haldið í Osló í lok mars 2019 og verður þá sjónum þátttakenda beint að falsfréttum samfélagsmiðla sem og ungmennum og fjölskyldum þeirra.

Nánari upplýsingar má nálgast á eftirfarandi slóð;
<https://nordicsafecities.org/>



Lýðræði til lukku!

Lýðræðismál eru komin inn á borð mannréttindaskrifstofunnar og þeim fylgdi nýr starfsmaður og mikið af spennandi verkefnum.



Fjöldamörg verkefni Reykjavíkurborgar falla undir það sem kalla má lýðræðisverkefni. Í öllum hverfum borgarinnar eru einstaklingar og hópar sem vinna að verkefnum sem miða að því að auka lýðræðisvitund fólks. Lýðræði er víðfeðmt hugtak og Reykjavíkurborg leggur áherslu á að lýðræðislegt samfélag byggji á fjölbreyttum leiðum fyrir íbúa til þátttöku í samfélaginu. Vert er að nefna að „gott“ lýðræðislegt samfélag einskorðast ekki við kosningar á fjögurra ára fresti.

Í samfélaginu hafa kröfur um íbúasamráð með árunum orðið meiri og hefur verið komið til móts við það með ýmsum verkefnum. Hverfið mitt er eitt umfangsmesta lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar. Megintilgangur þess er að ljá íbúum rödd og vald til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Það getur falist í að stinga upp á nýjum framkvæmdum eins og útilistaverki, vaðlaug eða jafnvel íþróttavelli. Einnig er mögulegt að leggja til forgangsröðun viðhalds á stöðum í hverfinu, til dæmis að endurtyrfa fótboltavöll eða gera upp gamalgróid svæði.

Hverfið mitt fer fram í áttunda sinn á þessu ári og hefur þróast frá því það hóf göngu sína, nú er til dæmis mögulegt að stinga upp á rekstrarverkefni en dæmi um slík verkefni, sem kosin voru árið 2018, eru matarmarkaður í Laugardalnum og skólagarður í Árbæ.

Hægt er að setja inn hugmyndir óháð aldri og búsetu en til þess að geta kosið þarf að vera 15 ára eða eldri og vera íbúi í Reykjavík. Hugmyndirnar koma frá íbúum fyrir íbúa. Verkefnið fær 450 milljónir árlega og skiptast þær á milli hverfa út frá íbúafjölda.

Árið 2018 fór fram áttak í því að styrkja samráð milli borgarinnar og þátttakenda í verkefninu. Það var gert með heimsóknum og samfélagsmiðlum. Haft var samband við hugmyndahöfunda tíu vinsælustu hugmynda hvers hverfis, hugmyndir þeirra ræddar og í sumum tilfellum breytt í samráði við hugmyndahöfunda. Skólar, félagsmiðstöðvar, félagasamtök, dagdvöl og hjúkrunarheimili fyrir eldra fólk voru heimsótt í sama tilgangi.

Áður en hverfakosningar fóru fram var haft samband við höfunda þeirra hugmynda sem voru kosnar áfram og þeim boðið að hitta verkefnastjóra verkefnisins ásamt upplýsingafulltrúa frá Reykjavíkurborg. Farið var yfir hvað þyrfti að hafa í huga þegar hugmynd er kynnt og hvatt til kosningar á henni. Hugmyndahöfundarnir sem mættu fengu tækifæri á að skoða hvernig þeirra hugmynd hafði verið forhönnuð áður en kosningin sjálf fór af stað.

Kosningin gekk vonum framar en með því að lækka kosningaaldurinn og bæta heilum árgangi við kjörskrána jókst þátttakan í kosningunum og hækkaði úr 11% þátttöku upp í 12,3% þátttöku. Íbúar kusu 88 verkefni sem munu koma til framkvæmda sumarið 2019. Sérstök áhersla var lögð á að bjóða höfundum sigurhugmyndanna aðkomu að framkvæmd þeirra.

Samráð hefur aukist í verkefninu og er það von Reykjavíkurborgar að sú þróun haldi áfram samhliða auknu gagnsæi í verkefninu.

Verkefnið býður upp á mikið samstarf, tækifæri til framþróunar og nýsköpunar svo ef eitthvað brennur á þér skaltu hafa samband!



gudbjorg.lara.masdottir@reykjavik.is



Bær fyrir alla - að norskri fyrirmynd

Í umboði mannréttinda- og lýðræðisráðs borgarinnar fékk mannréttindaskrifstofa Toril Hogstad, verkefnastýru viðburðaviku sem ber yfirskriftina **En by for alle** til Reykjavíkur. Toril sem vinnur hjá Kristiansand hélt kynningu og vinnustofu um verkefnið fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og kjörna fulltrúa í janúar s.l.

En by for alle hefur það markmið að efla þátttöku allra íbúa í bæjarlífinu, byggja upp traust og auka jafnrétti. Skilaboðin voru skýr, Kristiansand á að vera bær allra sem þar búa samanber heitið **En by for alle**. Bæjarfélagið stefnir á vera leiðandi bær í Noregi hvað varðar jafnrétti, fjölbreytni og íbúapátttöku.

Í febrúar 2018 var í Kristiansand vikulöng dagskrá með 60 viðburðum víðsvegar um bæinn. Unnið var náið með ýmsum félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum. Meðal annars var boðið upp á leiksýningar, tónleika, kaffihúspjall, margvísleg námskeið, fyrirlestra, íþróttaviðburði, gönguferðir auk þess sem haldin voru opin hús víða um borgina. Þátttaka og öryggi voru lykilhugtök viðburðavikunnar. Innan borgarinnar er áhugi fyrir að stefna að áþekkri viðburðaviku í Reykjavík.

Frekari upplýsingar er að finna á: <https://www.enbyforalle.no/>



Real stars í Reykjavík

Föstudaginn 22. október stóð Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar fyrir vinnustofu um kynlífsmansal. Malin Roux, stofnandi grasrótarsamtakanna Real Stars sem hafa það markmið að sporna gegn kynlífsmansali, leiddi vinnustofuna og fjallaði um það með hvaða hætti það væri gert.

Samtökin hafa til dæmis unnið með aðilum í ferðamannaiðnaðinum og hótélum en þau fyrirtæki eru í meiri hættu á að tengjast mansali en mörg önnur. Á meðan tengingin við þennan heim vændis og ofbeldis er fyrirtækjum ekki til framdráttar þá skortir þau oft leiðir til að sporna við vændi innan sinna veggja. Real stars hafa, í verkefni sem nefnist Hótel gegn mansali, aðstoðað hótélrekendur við að innleiða stefnu gegn vændismansali og fræða starfsfólk.

Á fundinn mætti fólk úr hóteliðnaðinum, frá lögreglunni og grasrótarsamtökum sem vinna með brotapolum vændis auk annarra sem hafa aðkomu að málaflöknum.



„Tölum saman“
Fjölmenningarþing
Reykjavíkurborgar 2018



Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í fimmta sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 17. nóvember 2018. Að venju var þingið skipulagt af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var meginmarkmið þingsins að skapa vettvang þar sem innflytjendur í borginni gætu rætt ýmis málefni er þá varða.

Fyrirkomulagið á þinginu var öðruvísi en áður að því leyti að vinnustofur voru skipulagðar eftir umræðuefnum en áður hefur vinnustofum verið skipt niður eftir tungumálum. Unnið var eftir hugmyndafræði The Days of Dialogue frá Hollandi í samstarfi við Olga Plokhooij. Umræðu hverrar vinnustofu var skipt upp í fjóra hluta: að kynast hvort öðru, að deila reynslu, að segja hver draumastaðan væri og loks að ræða hvað þarf að gera til að bæta stöðuna.

Mannréttindaskrifstofa og Fjölmenningarráð völdu í samráði umræðuefni sem brenna á innflytjendasamfélaginu. Haldnar voru sex málstofur. Innflytjendur ræddu málefni fatlaðra barna af erlendum uppruna, mikilvægi þátttöku innflytjenda í lýðræðislegu samfélagi, #metoo-hóp kvenna af erlendum uppruna, stöðu starfsfólks af erlendum uppruna hjá Reykjavíkurborg, unglunga af erlendum uppruna og stöðu foreldra sem og uppeldi barna af erlendum uppruna.

Til að efla samstarf við hagsmunasamtök og vekja athygli innflytjenda var óskað eftir þátttöku ýmissa félaga og tóku eftirtalin félög þátt: Proskahjálp, Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði, W.O.M.E.N, Samfok, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Efling.



Dóra Björt, formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs setti þingið

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar



Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt í borgarstjórn árið 2006 en stefnan í þeirri mynd sem hún er núna var samþykkt í borgarstjórn árið 2016. Frá því hún var fyrst samþykkt árið 2006 hefur margt bæst við og breyst í takt við breytingar í samfélaginu.

Mannréttindaskrifstofan hefur gefið út bækling um mannréttindastefnuna á íslensku og ensku og það var enginn annar en Hugleikur Dagsson sem sá um myndskreytingarnar, bæklinginn má nálgast á vef

Verið er að leggja lokahönd á pólska útgáfu af bæklingnum og einnig útgáfu á auðlesnu máli. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar býður öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar, sem og öðrum stofnunum eða vinnustöðum sem hafa áhuga, upp á fræðslu um stefnuna. Mjög mikilvægt er að starfsfólk borgarinnar sé upplýst og meðvitað um þá stefnu sem borgarstjórn hefur samþykkt og vinna á eftir.

Fræðsla

Starfsfólk mannréttindaskrifstofu býður einnig upp á fræðslur um ýmislegt efni sem tengist verkefnum skrifstofunnar. Má þar nefna fræðslu um jafnrétti kynjanna og fræðslu sem haldin er undir heitinu Má ekkert gera eða segja lengur!?! sem ætlað er að auka meðvitund um ólíka stöðu fólks, jafnréttismál og bætt samskipti. Auk þess má nefna fræðslu um verkefnið Saman gegn ofbeldi, fatlað fólk og heimilisofbeldi, hinsegin fólk og heimilisofbeldi og fræðslu um trans börn. Þetta er ekki tæmandi listi og hvetjum við ykkur eindregið til að senda tölvupóst á mannrettindi@reykjavik.is ef þið hafið einhverjar spurningar um fræðslurnar sem eru í boði eða ef þið viljið fá fræðslu sem er sérsniðin að þörfum ykkar vinnustaðar og tengist þeim málefnum sem skrifstofan fæst við.

Öruggir skemmtistaðir


Verkefnið Öruggir skemmtistaðir hófst þann 12. desember 2016 með undirritun samkomulags milli Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Samtaka aðila í ferðapjónustu, fyrir hönd skemmtistaða. Markmið samkomulagsins er að bæta samskipti og samstarf milli þessara aðila til að leitast við að gera skemmtistaði í borginni eins örugga og kostur er og lausa við ofbeldi. Sérstakt teymi var sett á laggirnar til að sinna verkefninu en það er skipað fulltrúum frá öllum þeim sem undirrituðu samkomulagið.

Skemmtistaðir sem taka þátt í verkefninu undirrita samstarfssamning um þátttöku og eru 16 skemmtistaðir í borginni nú aðilar að verkefninu. Þegar fulltrúar skemmtistaða hafa undirritað samstarfssamning fer í kjölfarið teymi með fulltrúum frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar á vettvang og gerir úttekt á skemmtistaðnum. Þar er meðal annars kannað hvernig myndavélavöktun er háttað hvernig aðbúnaður er við salerni.



Dyraverðir þeirra skemmtistaða sem eiga aðild að verkefninu sem og allir dyraverðir skemmtistaða almennt þurfa að sækja námskeið sem haldið er hjá Mími símenntun til að hljóta og viðhalda starfsréttindum.

Freyja Barkardóttir og Tómas Ingi Adolfsson frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar hafa sinnt kennslu í þeim lotum námskeiðanna sem snúa að jafnréttis- og mannréttindamálum. Þar er sérstaklega fjallað um kynbundið ofbeldi sem og ofbeldi og áreitni sem gestir skemmtistaða kunna að verða fyrir vegna uppruna, kynhneigðar, fötlunar eða annarrar stöðu. Ef þið viljið koma einhverju á framfæri, t.d. senda ábendingu um vankanta varðandi öryggismál í borginni eða annað í þeim anda eruð þið hvött til að senda tölvupóst á netfangið: oryggi@reykjavik.is




Samtal í gegnum túlk

Mannréttindaskrifstofa stóð fyrir fræðslu um notkun túlkapjónustu fyrir samstarfaðila í verkefninu Saman gegn ofbeldi. Markmið fræðslunnar var að efla þekkingu og öryggi starfsmanna í notkun túlka í samtali við brotapolu heimilisofbeldis í tilfellum þar sem brotapolu talar ekki íslensku.

Sérstök áhersla var lögð á túlkun í gegnum síma. Farið var yfir hlutverk túlka, viðmælanda, greiningu tungumála og leiðbeiningar um notkun Language Line Solution, sem er breskt símatúlkunarfyrirtæki sem skipt er við í verkefninu. Að lokum fengu þau sem sátu fræðsluna að spreyta sig á notkun símatúlkunar.

Í kjölfar fræðslunnar voru útbúin hjálpargögn, til dæmis setningalistar, leiðbeiningar og nú er unnið að kennslumyndbandi um notkun símatúlkunar. Myndbandið verður aðgengilegt á ytri vef Reykjavíkurborgar.

Mannréttindaskrifstofan býður námskeið í notkun símatúlkunar. Endilega sendið tölvupóst á netfangið mannrettindi@reykjavik.is ef frekari upplýsinga er óskað.




Opnir fundir ráða og nefnda mannréttindaskrifstofu árið 2018

*Þegar unnið er að mannréttindum er samráð við hagsmunahópa lykilatriði.
Í anda þess heldur mannréttindaskrifstofa, og þau ráð sem hún starfar með, nokkra
opna fundi á hverju ári.*



Fjölmeningarráð og borgarstjórn stóðu fyrir fyrsta opna fundi ársins 2018 og var nann tileinkaður kosningaþátttöku innflytjenda. Yfirskrift fundarins var *Skipti ég máli? Kemur þetta mér við?* Kosningaþátttaka innflytjenda.



Ofbeldisvarnarnefnd og borgarstjórn héldu sinn þriðja sameiginlega fund þann 13. mars og að þessu sinni var sjónum beint að vændi og mansali. Á fundinum héldu borgarfulltrúar og lögreglufulltrúi frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu erindi auk þess sem verkefnastjóri Bjarkarhlíðar fjallaði um aðstoð við fólk í vændi. Fundinum lauk svo með umræðum og spurningum.

Næst ber að nefna opinn fund öldungaráðs og borgarstjórnar sem fór fram 4. apríl. Yfirskrift fundarins var *Hver er staða eldri innflytjenda?*

Á fundinum var farið yfir stöðu hópsins og rætt um stöðu hópsins og hvernig mætti gera betur til að mæta þörfum hans. Á fundinum voru fluttar framsögur af fólki sem starfar á þessu sviði en tvö erindi byggðu á persónulegri reynslu innflytjenda á Íslandi.

Á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar, 16. maí, stóð mannréttindaráð Reykjavíkurborgar að opnum fundi um kosningaþátttöku en yfirskrift fundarins var *Skiptir mitt atkvæði máli?* Á fundinum fluttu fulltrúar frá grasrótarsamtökum erindi auk þess sem mannréttindastýra Reykjavíkurborgar sagði frá þeim verkefnum Reykjavíkurborgar sem tengjast kosningaþátttöku.

Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar héldu fundi um notendasamráð með fötluðu fólki í tilefni breytinga á lögum um félagsþjónustu. Fundurinn var mjög vel sóttur og fluttu aðilar frá hagsmunasamtökum erindi auk þess sem sagt var frá verkefnum mannréttindaskrifstofu sem tengjast málefnum fatlaðs fólks. Að erindum loknum voru borðumræður sem snérust um að fá ábendingar notenda um hvernig bæta mætti samráð og fleira í þjónustu borgarinnar við fatlað fólk.

Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar hélt sinn árlega opna fund 10. desember en að þessu sinni var fundurinn tileinkaður 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar, setti fundinn og hélt stutta hugvekju um lýðræði og mannréttindi. Eva Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá UNICEF á Íslandi hélt erindi auk Evu Huldar Ívarsdóttur meistaránema í lögfræði og Auðar Jónsdóttur rithöfundur. Gunnlaugur Bragi Björnsson, varaformaður mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar stýrði fundinum.

Eingöngu karlar hafa verið forsetar Íþróttasambands Íslands


Mannréttindaskrifstofan gefur árlega út bæklinginn Kynlegar tölur á vef borgarinnar. Þar eru settar fram ýmsar tölfræðilegar upplýsingar sem varpa ljósi á ólíka stöðu kvenna og karla í borginni og á landinu.

Í Kynlegum tölum fyrir árið 2018 voru m.a. birtar upplýsingar um kynjahlutföll í áhrifastöðum. Þar kom fram að æðstu embætti Íþróttasambands Íslands og Knattspyrnusambands Íslands hafa eingöngu verið skipuð körlum frá stofnun þeirra.

Íþróttasamband Íslands var stofnað árið 1912 og Knattspyrnusamband Íslands árið 1947.

Kynlegar tölur er að finna á <https://reykjavik.is/kynlegar-tolur>

Forsetar Íþróttasambands Íslands frá stofnun eftir kyni 1912–2018



Landlæknar á Íslandi frá upphafi eftir kyni 1760–2018



■ Konur ■ Karlar

Heimild: Landlæknisembættið

Árið 2018 varð kona í fyrsta sinn landlæknir, frá árinu 1760. Verður kona næsti forseti ÍSÍ?

